

Ed.

269. Frumvarp til laga

[148. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 15.12 orðist svo:

15.12	Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu, hert, einnig hreinsuð, en ekki frekar unnin:	
01	Sojabaunaolía .....	10%
02	Baðmullarfræsolia .....	10%
03	Aðrar oliur úr jurtaríkinu .....	30%
09	Oliur úr dýraríkinu .....	35%

2. 19.02 00 orðist svo:

19.02	Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:	
01	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
09	Aðrar .....	100%

3. 21.07 Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

03	Neyðarmatvæli, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra .....	20%
04	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%

4. 25.01 orðist svo:

25.01	Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt), hreint natríumklóríd, saltupplausnir og sjór:	
01	Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt) í smá-söluumbúðum 5 kg eða minna .....	5%
02	Fóðursalt .....	0
09	Annað .....	1000 kg 1 kr.

5. 27.10 Nr. 70 falli niður. Í þess stað komi þrjú númer, svo hljóðandi:

Aðrar:		
71	Íburðarefni í veiðarfæri .....	2%
72	Ryðvarnarefni og ryðolia .....	35%
79	Annars .....	15%

6. 30.03 00 orðist svo:

30.03	Lyf, einnig til dýralækninga:	
01	Sælgæti (medicated sweets) .....	125%
09	Annað .....	15%

7.	32.09	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	02	Prentþynnur .....	40%
8.	34.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	04	Slípmassi .....	35%
9.	35.03	00 orðist svo:	
	35.03	Gelatín (þar með talið gelatín í ferhyrndum plötum, einnig þótt þær séu litaðar eða unnar á yfirborðinu) og gelatín-derivatar; lím unnið úr beinum, húðum, sinum eða öðru þess háttar, fiskilím; matarlím:	
	01	Lím annað en matarlím .....	50%
	09	Annað .....	100%
10.	36.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	02	Kveikipappír í mótora .....	35%
11.	38.13	00 orðist svo:	
	38.13	Bæs fyrir málma; bræðsluefni og önnur hjálparefni til notkunar við lóðun málma og logsuðu, lóð- og logsuðuduft ásamt lóð- og logsuðupasta úr málmum og öðrum efnum; efni til að þekja eða fylla logsuðu- eða rafsuðubrúð:	
	01	Lóðningar- og logsuðuefni .....	20%
	09	Annað .....	35%
12.	38.19	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
	14	Kol til kolburstagerðar .....	30%
	15	Prófefni (reagenser) .....	35%
13.	39.01	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	07	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál .....	4%
	09	orðist svo:	
	09	Annað .....	40%
14.	39.02	orðist svo:	
	39.02	Efni orðin til fyrir pólýmerisation og kópólýmerisation (t. d. pólýetylen, pólýtetrahalógenetylen, pólýísóbúten, pólýstyren, pólývínýlklóríd, pólývínýlacetat, pólývínýlklórídacetat og aðrir pólývínýlderivatar, pólýacrylsýru- og pólýmetacrylsýruderivatar, kúmarónindenharþix):	
	81	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	2%
	82	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur ..	30%
	83	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir .....	35%
	84	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar .....	30%
	85	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað .....	35%
	86	Límbönd .....	35%
	87	Gólfdukur og gólfflísar .....	35%
	88	Plötur til myndamótagerðar .....	15%
	91	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál .....	4%
	99	Annað .....	40%
15.	39.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	27	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál .....	4%
	29	orðist svo:	
	29	Annars .....	40%

16.	39.04	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	03	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál .....	4%
	09	orðist svo:	
	09	Annað .....	40%
17.	39.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál .....	4%
	09	orðist svo:	
	09	Annað .....	40%
18.	39.06	09 orðist svo:	
	09	Annað .....	40%
19.	39.07	orðist svo:	
	39.07	Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01—39.06:	
	31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt .....	2%
	32	Fiskkassar, fiskkölfur og línubalar .....	4%
	33	Lóðabelgir .....	4%
	34	Vörur til hjúkrunar og lækninga .....	35%
	35	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	20%
	36	Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri .....	10%
	37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar ...	35%
	38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h. ....	50%
	39	Vatnsferingarútbúnaður .....	35%
	41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
	43	Pokar til vélþökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreinin- gu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	40%
	44	Garðyrkjuverkfæri .....	40%
	45	Lampar, lampaskermar og lýsingatæki .....	90%
	46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0.01 m <sup>3</sup> og stærri ..	50%
	48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar, ót. a. ....	60%
	51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	35%
	52	Verkfæri, ót. a. ....	35%
	53	Pokar, ót. a. ....	50%
	54	Hreinlætistæki .....	80%
	55	Dúkar og þynnur, tilsníðið til fataframleiðslu o. þ. h. ..	90%
	56	Fatnaður .....	90%
	58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra .....	100%
	61	Tunnur .....	35%
	62	Gluggar, gluggakarmar og hurðir .....	50%
	63	Veggplötur, formsteyptar .....	40%
	64	Úraglös .....	50%
	65	Rúður .....	50%
	89	Aðrar vörur úr plasti .....	100%
20.	40.08	02 orðist svo:	
	02	Annað svampgúmmi, þó ekki bönd, stengur og þræðir ..	50%
21.	40.09	00 orðist svo:	
	40.09	00 Pípur og slöngur úr toggúmmí .....	35%
22.	40.11	01 orðist svo:	
	01	Á bifreiðar og bifhjól .....	40%
23.	40.13	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	03	Röntgenklæðnaður með blýinnleggi .....	35%

24.	40.14	03	orðist svo:		
		03	Hringir í niðursuðudósir .....		35%
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Aðrar vörur til tækninota .....		35%
25.	44.25		orðist svo:		
	44.25		<b>Verkfæri, áhöld og hlutar til þeirra úr trjáviði (handföng, sköft og þess háttar), burstatré, sköft og handföng úr trjáviði fyrir bursta og kústa; skósmíðaleistar og blokkir úr tré, fyrir skósmíði:</b>		
		01	Burstatré .....		35%
		02	Skósmíðaleistar .....		35%
		03	Sköft og handföng .....		35%
		09	Annað .....		35%
26.	44.28		orðist svo:		
	44.28		<b>Aðrar vörur úr trjáviði, ót. a.:</b>		
		81	Botnvörpuhlerar og bobbingar .....		2%
		82	Hjólklafar (blakkir) .....		35%
		83	Merkisþjöld .....		35%
		84	Árar .....		50%
		85	Stýrishjól .....		35%
		86	Hnakkvirki og aktygjaklavar .....		70%
		87	Glugga- og dyratjaldastengur .....		80%
		88	Herðatré .....		100%
		91	Hefilbekkir .....		35%
		92	Skápa- og hurðahandföng .....		70%
		93	Tréteinar (drýlar) .....		50%
		99	Annars .....		100%
27.	45.04		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Korkur í flöskuhettur .....		50%
28.	46.03		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Töskuhöldur úr fléttiefnum .....		70%
29.	48.07		Í stað „límbönd“ í nr. 25 komi: Límborinn pappír .....		30%
			Hér koma inn þrjú ný númer, svo hljóðandi:		
		26	Veggfóður .....		35%
		27	Einangrunarplötur .....		40%
		28	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun .....		4%
30.	48.15		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		06	Hólkar (umbúðir úr pappír) .....		35%
31.	48.16		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		06	Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun .....		4%
		07	Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun .....		2%
32.	48.21		Í stað „lampaskermar“ í 03 komi: Lampar og lampaskermar ....		90%
			Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		05	Pappír í dýptarmæla .....		4%
		06	Umbúðakassar og öskjur úr pappírmassa eða sellulósavatti .....		50%
33.	56.01		orðist svo:		
	56.01		<b>Stuttar tilbúnar trefjar, hvorki kembdar, greiddar né að öðru leyti undirbúnar undir spuna:</b>		
			<i>Úr syntetiskum trefjum:</i>		
		11	Til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....		0

	19	Annað .....	20%
	20	Úr uppkembdum trefjum .....	20%
34.	57.04	orðist svo:	
	57.04	Önnur spunaefni úr jurtaríkinu, óunnin eða tilreidd, þó ekki spunnin; ruddi og úrgangur úr þessum spunaefnum (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar):	
	10	Trefjar úr sisalhampi og öðrum agavategundum og ruddi og úrgangur úr þeim .....	0
		Annað:	
	21	Húsgagnatróð í plötum .....	35%
	29	Annars .....	0
35.	58.05	00 orðist svo:	
	58.05	Ofin bönd og bönd búin til úr samanlímdu samhliða garni eða trefjum (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.06):	
	01	Borðar til umbúða .....	35%
	09	Annað .....	65%
36.	58.07	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
	02	Garn þess konar úr syntetiskum trefjum, sem vegur 0.5 gr. meterinn eða meira, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	4%
	03	Netateinar með sökkum eða flotholtum .....	20%
37.	59.04	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	05	Garn úr syntetiskum trefjum, sem vegur yfir 1 gr. meterinn, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	0
38.	59.09	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	02	Einangrunarbönd .....	35%
39.	59.15	09 orðist svo:	
	09	Aðrar .....	35%
40.	60.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	05	Sjúkrasokkar .....	35%
41.	60.05	00 orðist svo:	
	60.05	Ytri fatnaður og aðrar vörur prjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmíbornar:	
	01	Kjötpokar .....	2%
	09	Annað .....	90%
42.	60.06	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	02	Hanzkar .....	90%
43.	61.08	00 Í stað orðsins „blússur“ komi: brjóst.	
44.	62.05	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
	02	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	20%
	03	Öryggisbelti .....	35%
45.	64.01	orðist svo:	
	64.01	Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmí eða plasti:	
	01	Vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	35%
	02	Skór hliðstæðir þeim, sem falla undir nr. 64.02.01 og 64.02.09 .....	80%
	09	Annar .....	50%
46.	64.02	orðist svo:	
	64.02	Skófatnaður með ytri sóla úr leðri eða leðurlíkisdúk, skófatnaður (þó ekki skófatnaður, sem telst til nr. 64.01) með ytri sóla úr gúmmí eða plasti:	

	01	Kvenskór og barnaskór, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	80%
	02	Vinnuskór venjulegir með yfirhluta úr vefnaði, inniskór venjulegir með yfirhluta úr vefnaði eða flóka, allt með gúmmí- eða plastsóla og mismun á mestu hæþykkt og minnstu botnþykkt undir 1 cm, svo og skóhlífar og kulda-skór með yfirhluta úr vefnaði með gúmmí- eða plastsóla, allt eftir nánari skýrgeiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	50%
	09	Annar .....	100%
47.	65.05 00	orðist svo:	
	65.05 00	Hattar og annar höfuðfatnaður (þar með talin hárnét) úr prjóna- eða heklvoð eða úr laufaborðum, knipplingum, flóka eða öðrum spunaefnum (þó ekki úr samfléttungum, böndum eða ræmum), einnig fóðrað og/eða bryddað .....	90%
48.	65.06 09	orðist svo:	
	09	Annars .....	90%
49.	68.04 00	orðist svo:	
	68.04 00	Kvarnasteinar, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt), úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efn-um, en þó ekki sett á grind; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir .....	35%
50.	68.05 00	orðist svo:	
	68.05 00	Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. úr náttúrlegum steintegundum, úr samanlímdum náttúrlegum og tilbúnum slípiefnum eða úr leir .....	35%
51.	68.06 00	orðist svo:	
	68.06 00	Náttúrlegt og tilbúið slípiefni sem duft eða korn, fest á vefnað, pappír, pappa eða annað efni, einnig skorið til, saumað saman og fest saman á annan hátt .....	35%
52.	68.12	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	02	Þakplötur báraðar .....	15%
53.	68.16	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	03	Jurtapottar til gróðursetningar (sem eyðast í jörðu) ..	35%
54.	69.13 00	orðist svo:	
	69.13	Leirstyttur og aðrar vörur til skeytingar, skrauthlutir til persónulegra nota; húsgögn:	
	01	Lampar og lýsingartæki .....	90%
	09	Annað .....	125%
55.	70.14	Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
	02	Glös fyrir olíulampa .....	35%
	03	Luktagler og endurskinsgler fyrir ökutæki .....	35%
56.	73.18 Nr. 30	falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi: Annað:	
	31	Prófilpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	15%
	39	Annars .....	35%
57.	73.38	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	23	Vörur til hjúkrunar og lækninga .....	35%

58.	73.40	45	orðist svo:		
		45	Hjólklafar og hjól í þá, svo og handfæravindur .....	35%	
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		48	Jarðstrengsmúffur og tengidósir fyrir raflagnir .....	35%	
59.	74.05	00	orðist svo:		
	74.05		Koparþynnur, sem eru í mesta lagi 0.15 mm að þykkt (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar:		
		01	Þynnur í vatnskassaelement .....	15%	
		09	Annað .....	35%	
60.	74.07	00	orðist svo:		
	74.07		Pípur, pípuefni og holar stengur, úr kopar:		
		01	Úr fosfór bronze-legumálmi óunnum .....	15%	
		09	Annað .....	35%	
61.	74.19		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	35%	
62.	76.04	01	orðist svo:		
		01	Efni í hettur á mjólkurflöskur .....	20%	
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Alúminþynnur, áprentaðar, utan um mjólkurafurðir ..	4%	
63.	76.16		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:		
		06	Einangrunarplötur .....	40%	
		07	Hettur á mjólkurflöskur .....	20%	
64.	78.04	00	orðist svo:		
	78.04		Blýþynnur, sem veга ekki meira en 1,7 kg/m <sup>2</sup> (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar; blýduft og blýflögur:		
		01	Blýduft .....	15%	
		09	Annað .....	35%	
65.	82.01	09	orðist svo:		
		09	Annað .....	35%	
66.	82.02	00	orðist svo:		
	82.02	00	Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir (einnig tannlaus sagarblöð) .....	35%	
67.	82.03	00	orðist svo:		
	82.03	00	Eftirtalin handverkfæri: Naglbítar, klippitengur, griptengur og aðrar slíkar tengur, einnig til að klippa eða skera; gatjárn og gattengur; pípuskerar; boltaskerar og annað þess háttar, málmklippur; skruflyklar; þjalir og raspar .....	35%	
68.	82.04	00	orðist svo:		
	82.04	00	Handverkfæri og handáhöld (þar með talin samsett glerskurðartæki), sem teljast ekki til einhvers annars númers þessa kafla; blásturslampar, steðjar; skrufstykki og þvingur (þó ekki vélskrufstykki); færanlegar smiðjur og slípisteinar með umbúnaði (hand- eða fótúnir) .....	35%	
69.	82.05	00	orðist svo:		
	82.05	00	Skiptiverkfæri í handverkfæri, mekanísk handverkfæri og -smiðavélar (t. d. til að pressa, stansa, bora, snitta, fræsa, skera, snúa, víkka, þrengja og skrúfa), hér með talin mót til að draga málmþráð og pressa heita málma, einnig stjórnur á grjótbora .....	35%	

70.	82.06	orðist svo:		
	82.06	00	Hnifar og skurðarblöð í vélar og mekanisk tæki .....	35%
71.	82.07	00	orðist svo:	
	82.07	00	Plötur, stengur og oddar og aðrir þess konar lausir hlutar í verkfæri, úr hálfbræddum málmkarbídum (t. d. karbíd úr wolfram, molybden og vanadíum) .....	35%
72.	82.10	00	orðist svo:	
	82.10	00	Hnífablöð .....	35%
73.	82.15	00	orðist svo:	
	82.15	00	Sköft úr ódýrum málm til vara þeirra, er teljast til nr. 82.09, 82.13 og 82.14 .....	35%
74.	83.05	00	orðist svo:	
	83.05		Smávarningur og útbúnaður fyrir lausblaðabindi, bréfabindi, bókhaldsbækur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum; bréfhaldarar, bréfastemmur, heftiklemmur, merki í spjaldskrár og aðrar svipaðar vörur til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum:	
		01	Stifti í heftivélar .....	50%
		09	Annað .....	80%
75.	83.07	Hér	komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
		04	Götuljóskef, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	35%
		05	Flúrskinslampar .....	60%
76.	84.15	Nr. 30	falli niður. Í stað þess komi tvö númer, svo hljóðandi: <i>Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, rafmagnsknúin:</i>	
		31	Kælitæki .....	80%
		39	Varahlutir í kælitæki (þó ekki fylgihlutir), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	50%
77.	84.18	Hér	komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		24	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þau og tæki, sem falla undir nr. 84.18. 21, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	50%
78.	84.19	Hér	komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í uppþvottavélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	50%
79.	84.22	Hér	komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		05	Heyblásarar (til að færa til hey), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	10%
80.	84.40	Á þessu	númeri verði eftirtaldir breytingar:	
			Inn komi nýtt númer, svo hljóðandi:	
		14	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 84.40. 12 .....	50%
		20	falli niður. Í stað þess komi ný númer, svo hljóðandi: <i>Fataþvottavélar, einkum til heimilisnotkunar:</i>	
		21	Fataþvottavélar .....	80%
		29	Varahlutir í þær .....	50%
81.	85.04	00	orðist svo:	
	85.04		Rafgeymar:	
		01	Efni í rafgeyma .....	30%
		09	Annað .....	40%
82.	85.05	00	orðist svo:	
	85.05	00	Handverkfæri með innbyggðum rafmagnshreyfli .....	35%



83.	85.06	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	04	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 85.06 .....	50%
84.	85.07	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	03	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í rafmagnsrakvélar ....	50%
85.	85.12	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	07	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þær, sem falla undir nr. 85.12 .....	50%
86.	85.15	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	33	Neyðartalstöðvar, viðurkenndar sem slíkar af Skipaskoðun ríkisins .....	4%
87.	90.16	00 orðist svo:	
	90.16	00 Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings (t. d. pantógrafar, teiknifæri, reglustikur, reiknistokkar, reikniskífur o. fl.), tæki og áhöld til mælinga, endurmælinga og prófana, enda falli þau ekki undir annað númer þessa kafla (t. d. mikkrometer, rennimál, málbönd, mælistikur og jafnvægistæki (balancing machines)) og prófílprójektörar .....	35%
88.	92.03	00 orðist svo:	
	92.03	Pípu- og tunguorgel, þar með talin harmóníum og önnur svipuð hljóðfæri:	
	01	Orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	0
	09	Önnur .....	30%
89.	96.02	03 orðist svo:	
	03	Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum .....	35%
90.	97.04	09 orðist svo:	
	09	Önnur .....	90%
91.	98.02	00 orðist svo:	
	98.02	Rennilásar og hlutar til þeirra:	
	01	Málmstykki til framleiðslu á rennilásum .....	50%
	09	Annað .....	70%

## 2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 16. liður orðist svo:  
Að fella niður gjöld af umbúðum, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.
2. 18. liður orðist svo:  
Að lækka gjöld af filmum og ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar til samræmis við gjöld af prentletri.
3. 1. mgr. 27. liðs orðist svo:  
Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 150 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 70 þús. kr.
4. Á eftir 34. lið komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:  
35. Að endurgreiða gjöld af efni til framleiðslu á pappírspokum, sem telst nr. 48.01.30 og 48.01.52 í tollskrá, sem svari því að af efni þessu sé greiddur 15% verðtollur.  
Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

36. Að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsóknna, sem svari því að af þeim sé greiddur 35% verðtollur.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar Alþingi afgreiddi nýju tollskrárlögin s. l. vor var ljóst, að sú gagngerða breyting á tollakerfinu, sem í þeim fólst, mundi hafa í för með sér, þegar farið væri að framkvæma lögin, að í ljós kæmu ýmis atriði, sem lagfæra þyrfti. Hefur og sú orðið raunin á og felur frumvarp þetta í sér bæði ýmsar tæknilegar lagfæringar, svo og samræmingar á tolli af skyldum vörum úr mismunandi efnum, svo sem nánar er að vikið í greinargerð hér á eftir um einstakar breytingartillögur. Langflestar þessara tillagna fela í sér lækkun gjalda og sumar verulega, svo sem lækkun tolls á öllum handverkfærum og skyldum vörum og varahlutum í rafmagnsheimilistæki.

#### Um 1. gr.

- 15.12 Með auglýsingu fjármálaráðuneytisins dags. 29. nóv. 1963 var lækkaður tollur á óhertum olíum úr 30% í 10%. Náði sú lækkun ekki til hertra olía, en rétt þykir að þær beri sömu gjöld og óhertar olíur og er því lagt til að gjöld af hertum sojabaunaolíum og baðmullarfræsolíum lækki úr 30% í 10% toll.
- 19.02. Lagt er til að þessum lið sé skipt og búið til nýtt númer fyrir fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka með 50% tolli í stað 100% áður. Annað verður óbreytt með 100% tolli.
- 21.07. Gert er ráð fyrir nýju númeri fyrir neyðarmatvæli fyrir björgunarbáta og skipbrotsmannaskýli með 20% tolli. Einnig er gert ráð fyrir nýju númeri fyrir fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka með 50% tolli. Vörur þessar hafa verið með 100% tolli undanfarið.
- 25.01. Númer 02 í gildandi lögum fellur niður og fer þá matarsalt í öðrum umbúðum undir númer 09, sem hefur ekki áhrif á tollhæð. Liður 03 verður þá 02. Ekki er um frekari breytingar að ræða hér.
- 27.10. Íburðarefni í veiðarfæri er nýtt númer með 2% tolli. Hefur áður verið með 15% tolli. Einnig er nýtt númer fyrir ryðvarnarefni og ryðolíu með 35% tolli til samræmis við hliðstæð efni í öðrum tollskrárnúmerum. Annað verður með óbreyttum 15% tolli undir nýju númeri, 79.
- 30.03. Þessu tollskrárnúmeri er skipt vegna ósamræmis í tollun á sælgæti, sem getur fallið undir þetta númer, ef það inniheldur viss efni. Er því búið til nýtt númer fyrir sælgæti þetta með 125% tolli, sbr. 17.04.03.
- 32.09. Prentþynnur er nýtt númer undir þessum lið með 40% tolli til samræmis við prentþynnur úr gulli, sem tollast með 40% tolli í nr. 71.07.20. Var áður með 60% tolli. Er hér um að ræða gullkorn í lími, notað til bókbands.
- 34.05. Slípimassi, sem notaður er til iðnaðar til að hreinsa með málm undir húðun o. fl., er nýtt númer með 35% tolli. Hefur til þessa verið í 110% tolli. Slípiefni úr náttúrlegum og tilbúnum steini og steinkenndum efnum í nr. 68.06.00 eru með 35% tolli, sama tolli og hér er gert ráð fyrir.
- 35.03. Þessum lið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir lím, annað en matarlím, með 50% tolli, þar sem lím þetta er mikið notað í iðnaði. Hefur verið í 100% tolli. Nr. 35.03.01 verður þannig með sama tolli og lím í nr. 25.01.00 og 35.06.09.
- 36.05. Hér er nýtt númer, kveikipappír í mótora með 35% tolli. Þessi kveikipappír er notaður til að ræsa með mótora. Hefur verið í 125% tolli. Rafmagns-

- ræsi og kveikibúnaður fyrir brunahreyfla í nr. 85.08.00 eru með 35% tolli, sama tolli og hér er gert ráð fyrir.
11. 38.13. Þessum lið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir lóð- og logsuðuefni með 20% tolli, sem er óbreyttur tollur, en annað verður með 35% tolli og eru þar ýmis konar ryðvarnarefni, sem sanngjarnt er að tollist með 35% tolli, eins og önnur ryðvarnarefni, sem verða í nr. 27.10.72.
  12. 38.19. Hér er nýtt númer, kol til kolburstagerðar með 30% tolli, með tilliti til þess að burstarnir fullbúnir eru með 35% tolli. Efni þetta hefur til þessa verið með 50% tolli. Einnig nýtt númer fyrir prófefni (reagenser) með 35% tolli. Hefur verið með 50% tolli áður. Prófefni þessi eru hliðstæð þeim efnum, sem tollast samkv. 30.05.00, en þau efni, sem hér flokkast eru m. a. notuð til þvag- og blóðrannsóknna.
  13. 39.01. Undir þessum lið er nýtt númer fyrir handfæralínur úr syntetiskum efnum, 1—2½ mm í þvermál, með 4% tolli. Hefur áður verið í 35% tolli. Er lækkun þessi gerð til samræmis við spunnar línur í nr. 59.04.01. Þá er gert ráð fyrir að lækka gjöld af öðrum vörum í þessum lið úr 60% í 40% toll.
  14. 39.02. Gert er ráð fyrir nýjum númerum fyrir gólfflísar og gólfduk með 35% tolli, til samræmis við linoleumgólfduk í nr. 59.10, plötur til myndamóta-gerðar með 15% tolli til samræmis við zinkplötur í nr. 79.03.20, handfæralínur úr syntetiskum efnum með 4% tolli til samræmis við spunnar línur í nr. 59.04.01. Vörur þessar eru nú í 60% tolli. Safnnúmerið í þessum lið er lækkað úr 60% tolli í 40% toll. Annað í liðnum verður óbreytt, en fær ný númer, þar eð númerin eru nú fleiri en níu.
  15. 39.03. Handfæralínur 1—2½ mm í þvermál er nýtt númer með 4% tolli, sbr. það, sem tilgreint er í 14. lið hér á undan. Er í 60% tolli nú. Einnig er „annað“ lækkað úr 60% í 40% toll.
  16. 39.04. Handfæralínur 1—2½ mm í þvermál er nýtt númer með 4% tolli, en er nú með 60% tolli. Einnig er „annað“ lækkað úr 60% í 40% toll.
  17. 39.05. Handfæralínur 1—2½ mm í þvermál lækkar úr 60% í 4% toll. Á sama hátt og frá er greint í 14. lið hér að framan er „annað“ í þessum lið lækkað úr 60% í 40% toll.
  18. 39.06. „Annað“ í þessum lið er lækkað úr 60% tolli í 40% toll í samræmi við tilsvarendi lækkanir í 13.—17. lið hér á undan.
  19. 39.07. Komið hefur í ljós, að nokkurs misræmis gætir í tollun vara, eftir því úr hvaða efni varan er. Sérstaklega á þetta við um vörur úr plasti, sem ekki eru sérstaklega taldar í plastflokknum, sem tollast nú samkv. nr. 39.07.89 í gildandi tollskrá með 100% tolli. Hefur því reynzt nauðsynlegt að búa til ný númer fyrir ýmsar vörur úr plasti, og færa gjöldin til samræmis við gjöld af sams konar vöru úr öðrum efnum. Því eru búið til sér númer fyrir eftirtaldar vörur í nr. 39.07: Netjakúlupokar er viðbót undir nr. 31 með 2% tolli. Vörur til hjúkrunar og lækninga með 35% tolli til samræmis við nr. 70.17.00, pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélapéttingar með 35% tolli til samræmis við sömu vöru úr járn í nr. 73.20.00, boltar, rær og undirlög (skinnur) með 50% tolli til samræmis við þessar vörur úr járn í nr. 73.32.00. Vatnsferingarútbúnaður fyrir votheysturna er lækkaður í 35% toll. Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki er í frv. með 50% tolli til samræmis við sömu vöru úr járn í nr. 73.22.00. Lampar, lampaskermar og lýsingartæki er í frv. með 90% tolli til samræmis við þessar vörur úr ódýrum málmum í nr. 83.07.09 og gleri í nr. 70.14.01. Vörur sérstaklega til skipa eru í frv. með 35% tolli til samræmis við þessar vörur úr járn í nr. 73.40.46. Tunnur eru í frv. með 35% tolli til samræmis við tunnur úr tré í nr. 44.22.09. Gluggar, gluggakarmar og hurðir er lækkað í 50% toll til samræmis við vörur þessar úr járn í nr. 73.21.09. Veggplötur, formsteyptar, eru lækkaðar í 40% toll til samræmis við veggplötur, sem tollast samkv. nr. 39.02.09, en það númer er nú lækkað úr 60% í 40% toll.

Úraglös úr plasti eru lækkuð í 50% til samræmis við glös úr gleri í nr. 70.15.00. Rúður úr plasti eru lækkaðar í 50% til samræmis við öryggisgler í nr. 70.08.00. Allar þessar vörur eru samkv. nügildandi lögum með 100% tolli, en ráðuneytið hefur í mörgum tilfellum notað heimild í 13. lið 3. gr. tollskrárinnar til að lækka gjöld af sumum þessara vara niður í það, sem hér er lagt til að lögfesta.

Þá er lagt til, að öll handverkfæri lækki úr núverandi tolli, sem er frá 50% og upp í 100%, í 35% toll. Ástæður fyrir þessari lækkun eru einkum tvær. Í fyrsta lagi er höfð hliðsjón af tolli á iðnaðarvélum, sem almennt er 35%, og í öðru lagi eru þessi tæki notuð í vélum, sem sjálfar bera 35% toll. Gætir þessarar lækkunar víða í frv. þessu og verður getið um það á viðkomandi stöðum. Undir þessum lið (nr. 52) lækka gjöld á verkfærum úr plasti úr 60% í 35% toll.

20. 40.08. Lagt er til að lækka toll af svampgúmmí úr 60% í 50% til samræmis við lækkun, sem hér er gerð á plasti, en það er lækkað úr 60% í 40%.
21. 40.09. Lagt er til, að gjöld af pípum og slöngum úr toggúmmí lækki úr 50% niður í 35% til samræmis við gjöld af sömu vöru úr málm í nr. 73.18.29.
22. 40.11. Hjólbarðar á dráttarvélar falla burt úr nr. 01 og fara þá í nr. 09, sem er sami tollur. Nr. 01 verður þá fyrir hjólbarða á bifreiðir og bifhjól og er með gúmmígjaldi, en nr. 09 er án gúmmígjalds.
23. 40.13. Lagt er til, að hér komi inn nýtt nr. fyrir röntgenklæðnað með blýinnleggi með 35% tolli, en vörur þessar hafa verið í 90% tolli.
24. 40.14. Í stað orðsins hringir í nr. 03 koma nú hringir í niðursuðudósir, en tollupphæð er óbreytt. Búið er til nýtt númer fyrir aðrar vörur til tækninota en vélapéttingar með 35% tolli. Hafa verið í 80% tolli.
25. 44.25. Allar vörur í þessum lið eru lækkaðar úr 50% og 60% tolli í 35% toll, vegna þeirrar lækkunar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir á verkfærum.
26. 44.28. Gert er ráð fyrir þremur nýjum númerum fyrir hefilbekki með 35% tolli til samræmis við lækkun á verkfærum. Skápa- og hurðahandföng með 70% tolli til samræmis við sams konar vörur úr járn í nr. 83.02 og tréteina með 50% tolli til samræmis við toll af saum, en vara þessi er notuð eins. Vörur þessar hafa verið með 100% tolli.
27. 45.04. Nýtt númer er fyrir kork í flöskuhettur með 50% tolli. Hefur verið til þessa með 60% tolli.
28. 46.03. Hér er nýtt nr. fyrir töskuhöldur úr fléttiefnum með 70% tolli til samræmis við sömu vöru úr málm í nr. 83.09.09. Vara þessi er nú í 100% tolli.
29. 48.07. Í nr. 25 er aðeins um orðalagsbreytingu að ræða, að í stað límbönd komi límborinn pappír með óbreyttum 30% tolli. Nýtt númer fyrir veggfóður með 35% tolli til samræmis við veggfóður í nr. 48.11.00, en veggfóður það, sem hér flokkast, er í breiðari rúllum en í nr. 48.11.00. Einnig er nýtt númer fyrir einangrunarplötur með 40% tolli til samræmis við vörur, sem teljast til nr. 48.09. Vörur þessar hafa verið í 60% tolli. Enn fremur er nýtt númer fyrir vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings með 4% tolli. Hefur verið í 30% tolli. Er þá ekki gert ráð fyrir endurgreiðslu aðflutningsgjalda við útflutning afurðanna.
30. 48.15. Hér er nýtt númer fyrir hólka úr pappír til umbúða með 35% tolli. Hefur verið í 80% tolli.
31. 48.16. Nýtt númer er fyrir pappakassa utan um fisk til útflutnings með 4% tolli og er þá ekki gert ráð fyrir endurgreiðslu gjalda við útflutning. Kassar þessir eru nú með 60% tolli. Einnig er nýtt númer fyrir margfalda pappírspoka utan um fiskafurðir til útflutnings með 2% tolli til samræmis við poka úr jútu í nr. 62.03.02, og verður þá ekki um endurgreiðslu að ræða við útflutning afurðanna. Pokar þessir eru nú í 15% tolli.
32. 48.21. Hér eru teknir inn lampar, auk lampaskerma, með 90% tolli til sam-

- ræmis við lampa úr ýmsum öðrum efnum, sem bera 90% toll. Er hér um að ræða lækku úr 100% í 90% toll. Nýtt númer er fyrir pappír í dýptarmæla með 4% tolli til samræmis við dýptarmæla sjálfa í nr. 90.28.01 og hluta til þeirra í nr. 90.29.01. Einnig er nýtt númer fyrir umbúðarkassa og óskjur úr pappírsmassa og sellulósavatti í 50%, en hefur verið í 100% tolli.
33. 56.01. Búið er til nýtt númer fyrir syntetískar trefjar til veiðarfæragerðar með engum tolli, en voru áður í 20% tolli.
  34. 57.04. Lagt er til, að númer 20 í gildandi lögum verði skipt í tvö númer, hús-gagnatróð í plötum með 35% tolli til samræmis við annað hráefni til iðnaðar. Annað verði óbreytt með engum tolli.
  35. 58.05. Þessum tollskrárlið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir borða til umbúða með 35% tolli til samræmis við vír til sömu nota, sem telst til nr. 73.10.19. Einnig eru gjöld af öðrum vörum, sem teljast til safnnúmers þessa liðs, lækkuð úr 80% í 65% toll.
  36. 58.07. Nýtt númer er fyrir garn úr syntetískum trefjum til veiðarfæragerðar með 4% tolli. Ætti annars að falla undir 80% toll. Er þetta gert til samræmingar við gjöld af nr. 59.04.01, sem er með 4% tolli. Einnig er nýtt nr. fyrir netateina með sökkum eða flotholtum með 20% tolli. Varan er nú í 80% tolli.
  37. 59.04. Hér er nýtt númer fyrir garn úr syntetískum trefjum, sem vegur yfir 1 gr. meterinn til veiðarfæragerðar með engum tolli. Ætti annars að fara í 35% toll. Hér er um að ræða efni í net, sem fullunnin eru aðeins með 4% tolli.
  38. 59.09. Nýtt númer er fyrir einangrunarbönd með 35% tolli til samræmis við sams konar bönd í nr. 59.08.03. Ættu annars að koma í 65% toll.
  39. 59.15. Lagt er til að lækka gjöld af vatnsslöngum úr spunatrefjum úr 50% niður í 35% til samræmis við barkaslöngur í nr. 83.08.
  40. 60.03. Hér er nýtt númer fyrir sjúkrasokka með 35% tolli til samræmis við sams konar vörur úr gúmmí í nr. 60.06.01. Sokkar þessir eru mjög dýrir og eru úr nylon. Voru áður í 90% tolli.
  41. 60.05. Þessum tollskrárlið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir kjötpoka með 2% tolli til samræmis við sömu vöru úr ofnum spunaefnum í nr. 62.03.01. Annað er óbreytt með 90% tolli.
  42. 60.06. Hér er lagt til að taka upp nýtt númer fyrir hanzka prjónaða eða heklaða með 90% tolli, en það er hinn almenni tollur á hönzukum úr öðrum efnum.
  43. 61.08. Hér er um leiðréttingu að ræða, að í stað orðsins blússur koma brjóst og var um að ræða ranga þýðingu í upphafi á texta Brússelskrárinnar. Eðlilegt er, að blússur tollist sem annar ytri fatnaður í nr. 61.02 með 90% tolli, en hefur til þessa verið tollað með 100%.
  44. 62.05. Tvö ný númer eru fyrir björgunartæki með 20% tolli til samræmis við sömu vörur úr korki í nr. 45.03.02 og fyrir öryggisbelti með 35% tolli. Vörur þessar hafa verið með 100% tolli.
  45. 64.01. Lagt er til að gera nokkrar breytingar á tollflokku skófatnaðar. Fallið er nú frá að gera greinarmun á sjóstígvélum og öðrum vaðstígvélum, enda mjög erfitt í framkvæmd og mörg takmarkatilfelli. Öll vaðstígvél með lágum hæl koma samkv. frv. í sama tollflokk með 35% tolli, en voru áður ýmist í 25% eða 50% tolli. Þá kemur nýtt númer fyrir skó með yfirhluta úr plasti eða leðurlíkisdúk með 80% tolli. Skór þessir hafa verið í 50% tolli, en eðlilegt þykir að þeir séu tollaðir svipað og skór úr leðri, sem ýmist bera 80% eða 100% toll eftir því hvort um er að ræða kven- og barnaskó eða karlmannaskó. Annað er óbreytt með 50% tolli.
  46. 64.02. Hér er lagt til, að nr. 64.02.02, sem er það númer, sem ber lægstan toll eða 50%, taki til fleiri tegunda skófatnaðar en nú er. Eins og númerið er nú nær það aðeins yfir hællausa strigaskó, en aðrir skór með yfirhluta úr vefnaði með gúmmí- eða plastsólum falla undir 80% eða 100% toll. Nú er lagt til, að flókainniskór með gúmmí- eða plastsóla, venjulegir vinnuskór, skóhlífar með

- yfirhluta úr vefnaði og kuldaskór teljist einnig til þessa númers með hinum lægra tolli. Skór þessir eru hliðstæðir þeim skóm, sem teljast til nr. 64.01.09 og tollast þar með 50% tolli.
47. 65.05. Lagt er til að lækka gjöld af vörum þessum úr 100% í 90% til samræmis við nr. 65.03 og 65.04.
  48. 65.06. Einnig er hér lagt til að lækka gjöld úr 100% í 90% sbr. það sem áður segir um nr. 65.05.
  49. 68.04. Vörur í þessu tollskrárnúmeri lækka úr 50% í 35% toll, en hér er um ýmis verkfæri að ræða.
  50. 68.05. Lagt er til, að tollur lækki úr 50% í 35% toll.
  51. 68.06. Þessar vörur lækka úr 50% í 35% toll.
  52. 68.12. Hér kemur inn nýtt nr. fyrir báraðar þakplötur úr asbesti með 15% tolli til samræmis við toll af þakjárn í nr. 73.13.51. Vara þessi er nú í 35% tolli.
  53. 68.16. Gert er ráð fyrir nýju númeri fyrir jurtapotta til gróðursetningar, sem eyðast í jörðu, með 35% tolli. Hefur verið í 80% tolli.
  54. 69.13. Lagt er til að skipta þessum tollskrárlið og lækka toll af lömpum og lýsingartækjum úr 125% í 90% til samræmis við lampa úr öðrum efnum. Annað er óbreytt í 125% tolli.
  55. 70.14. Hér er nýtt númer, glös fyrir olíulampa með 35% tolli, til samræmis við lampana sjálfa í nr. 83.07.02. Einnig er nýtt númer fyrir luktagler og endurskinsgler fyrir ökutæki með 35% tolli til samræmis við luktirnar sjálfar í nr. 85.09. Vörur þessar hafa verið í 100% tolli.
  56. 73.18. Gert er ráð fyrir að skipta núverandi númeri 30 og búa til nýtt númer fyrir prófílípúr til smíða með 15% tolli. Hefur verið í 35% tolli. Annað verður óbreytt með 35% tolli.
  57. 73.38. Nýtt númer er yfir vörur til hjúkrunar og lækninga með 35% tolli, til samræmis við sömu vörur í nr. 70.17. Vara þessi hefur verið í 80% tolli.
  58. 73.40. Auk hjólklaða og hjóla í þá í númer 45 er bætt inn í númerið handfæra-vindum með 35% tolli. Vara þessi er nú í 70% tolli. Bætt er við nýju númeri fyrir jarðstrengsmúffur og tengidósir fyrir raflagnir með 35% tolli, en vörur þessar eru nú með 70% tolli.
  59. 74.05. Númeri þessu er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir þynnur í vatnskassaelement með 15% tolli til samræmis við nr. 74.04. Þær plötur, sem hér um ræðir, ná ekki þykkt til þess að fara undir nr. 74.04 með hinum lægra tolli. Varan er nú með 35% tolli. Fullunnir vatnskassar eru með 35% tolli.
  60. 74.07. Þessum lið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir óunninn fosfór bronze-legumálm með 15% tolli, en er nú í 35% tolli. Hér er um samræmingu að ræða, en legumálmur, sem fluttur er inn í massivum stöngum, er með 15% tolli. Annað verður óbreytt í 35% tolli.
  61. 74.19. Hér er nýtt númer fyrir vörur sérstaklega til skipa með 35% tolli, hliðstætt sömu vörum úr járn í nr. 73.40.46. Varan er nú í 70% tolli.
  62. 76.04. Orðalagi nr. 76.04.01 er breytt þannig, að í stað hettur á mjólkurflöskur kemur efni í hettur á mjólkurflöskur, þar eð hetturnar fullbúnar teljast ekki til þessa númers. Nýtt númer er fyrir alúminþynnur, áprentaðar utan um mjólkurafurðir með 4% tolli, til samræmis við smjörpappír í nr. 48.03.01. Varan er nú tolluð með 35% gjöldum.
  63. 76.16. Hér er nýtt númer, einangrunarplötur með 40% tolli. Plötur þessar eru notaðar til einangrunar á loft og falla nú í nr. 76.16.09 með 70% tolli. Hettur á mjólkurflöskur er nýtt númer hér með 20% tolli. Var áður talin í nr. 76.04, en á heima í þessum lið, þar sem um fullunna vöru er að ræða.
  64. 78.04. Þessum lið er nú skipt og lækkaður tollur af blýdufti, sem er efni í rafgeyma, úr 35% í 15% toll til samræmis við járnduft í 73.05.10.
  65. 82.01. Safnnúmer þessa liðs, sem er yfir ýmis verkfæri til notkunar við landbúnað, garðyrkju og skógrækt, lækkar úr 40% í 35% toll.

66. 82.02. Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir lækka úr 60% tolli í 35% toll.
67. 82.03. Vörur í þessu tollskrárnúmeri lækka úr 60% í 35% toll, en hér er um að ræða ýmis handverkfæri.
68. 82.04. Tollur lækkar á þessum vörum úr 60% í 35%.
69. 82.05. Tollur lækkar úr 60% í 35%.
70. 82.06. Skipting þessa tollskrárliðs er felld niður og allar vörur í númerinu lækkaðar úr 60% í 35% toll.
71. 82.07. Tollur lækkar úr 60% í 35%.
72. 82.10. Hnífablöð. Tollur af þeim lækkar úr 50% í 35%.
73. 82.15. Ýmis sköft úr ódýrum málm. Tollur af þeim lækkar úr 60% í 35%.
74. 83.05. Þessum lið er nú skipt og gert nýtt númer fyrir stifti í heftivélar með 50% tolli til samræmis við saum úr málm í nr. 73.31.09, en stifti þessi eru notuð jöfnum höndum til skrifstofuhalds og í heftivélar til húsgagnaiðnaðar o. fl. og þekkist ekki hvað frá öðru. Varan var áður í 80% tolli. Annað verður óbreytt með 80% tolli.
75. 83.07. Lagt er til að lækka toll af götuljóskerum í 35% og flúrskinslömpum í 60% toll, en vörur þessar eru nú með 90% tolli.
- 76.—78. 84.15. Lagt er til að lækka gjöld af varahlutum í rafmagnsheimilistæki úr 80% í 50% toll. Lækkunin tekur einungis til varahluta í tæki þessi, en ekki til fylgihluta með þeim, sem tollast áfram í sama tolli og tækin sjálf. Kemur þessi lækkun fram í nokkrum breytingartillögum í frv. þessu, eða nánar tiltekið í nr. 84.18, 84.19, 84.40, 85.06, 85.07 og 85.12.
79. 84.22. Hér er nýtt númer fyrir heyblásara til að færa til hey, með 10% tolli, til samræmis við heyblásara í nr. 84.11.01.
80. Sjá athugasemd við nr. 76—78 hér á undan.
81. 85.04. Gert er ráð fyrir að skipta þessum lið og búa til nýtt númer fyrir efni í rafgeyma með 30% tolli, í stað 40% nú.
82. 85.05. Handverkfæri með innbyggðum rafmagnshreyfli. Tollur lækkar úr 60% í 35%.
- 83—85. Sjá athugasemd við nr. 76—78 hér á undan.
86. 85.15. Hér er nýtt númer, neyðartalstöðvar með 4% tolli. Hafa verið í 35% tolli.
87. 90.16. Tollur af tækjum þessum, sem eru ýmis handverkfæri, lækkar úr 60% í 35%.
88. 92.03. Lagt er til að skipta þessum lið og fella niður toll af orgelum til kirkna, sem hefur verið 30% til þessa.
89. 96.02. Lagt er til að burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum (í nr. 03), lækki úr 70% tolli í 35% toll til samræmis við lækkun á handverkfærum.
90. 97.04. Lagt er til að lækka gjöld af ýmiss konar samkvæmisleiktækjum fyrir börn og fullorðna úr 125% í 90% til samræmis við gjöld af hliðstæðum leiktækjum, sem tollast samkv. nr. 97.03 með 90% tolli.
91. 98.02. Þessum lið er nú skipt og búið til nýtt númer fyrir málmstykki til framleiðslu á rennilásnum með 50% tolli. Annað verður óbreytt með 70% tolli.

#### Um 2. gr.

1. Lagt er til að heimildarákvæðinu í 16. lið verði breytt, þannig að heimilt verði að fella niður gjöld af umbúðum utan um vörur, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað til lands og endursendar aftur til útlanda. Hefur heimildin til þessa verið bundin við hylki utan um gas- og lofttegundir.
2. Lagt er til að breyta heimildarákvæðum í 18. lið, þannig að heimilt verði að lækka gjöld af ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar, sem teljast til nr. 37.01.09 með 70% tolli til samræmis við gjöld af prentletri,

sem er með 35% tolli í nr. 84.34.02. Heimildin hefur einurgis náð til filma til ljósprentunar.

3. Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með ýmsa nánar tilgreinda sjúkdóma. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 40 þús. kr. Hér er lagt til að tala þeirra bifreiða, sem lækka má gjöld á, verði framvegis 150 á ári og upphæð sú, sem gjöldin eru lækkuð um, hækki úr 40 þús. kr. í 70 þús. kr.
4. Hér er lagt til að taka inn heimild til að endurgreiða gjöld af efni til framleiðslu á pappírspokum, sem telst til nr. 48.01.30 og 48.01.52 í tollskrá, sem svari því að af efni þessu sé greiddur 15% verðtollur í stað 30% eins og nú er. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Tekin er upp ný heimild til að endurgreiða gjöld af visindatækjum, sem svari því að af þeim sé greiddur 35% verðtollur. Komið hefur í ljós að ýmis visindatæki teljast til tollskrárnúmera með hærri gjaldi en 35%, en óeðlilegt þykir að gjöld af visindatækjum séu hærri en hér er lagt til.